

skal enn fremur halda spjaldskrá um nemendurna. Skulu þar tilfærð helztu atriði varðandi feril þeirra.

6. gr.

Nú telur forstöðumaður, að nemandi sé eigi lengur þörf vistar á heimilinu, og skal hann þá skýra stjórnarnefndinni frá því, en hún ákveður að höfðu samráði við viðkomandi barnaverndarnefnd hvort dvöl skuli lokið.

Telji forstöðumaður, að lengri dvöl sé nemandi nauðsynleg, skal hann skýra stjórnarnefndinni frá því með fyrirvara, og tekur hún þá fullnaðarákvörðun um, hvort dvöl skuli framlengd. Ella lýkur dvöl nemandi, þegar sá tími er liðinn, sem honum var ætlað að dveljast á heimilinu.

7. gr.

Stjórnarnefndin skal leggja kapp á að útvega nemendum starf við sitt hæfi að lokinni skólavist, svo og um sumartímann. Eins skal lögð áherzla á að fylgjast með því, hvernig nemendum vegnar í starfi og veita þeim aðstoð eftir föngum, ef á þarf að halda. Gera skal ráð fyrir því, að nokkur hluti starfstíma starfsfólks fari í þessa fyrirgreiðslu. Náin samvinna skal í þessu efni höfð við sérfræðinga Upptökuheimilisins.

8. gr.

Búrekstur skal að jafnaði hafa í Breiðavík eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni og bezt samrýmist markmiði skólaheimilisins. Kostað skal kapps um að nýta þá möguleika, sem fyrir eru til lands og sjávar til fjölbreytilegra og þroskavænlegra starfa fyrir nemendurna.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með skirskotun til laga nr. 53/1966, um vernd barna og unglinga, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 88/1958 um vistheimilið í Breiðavík.

Menntamálaráðuneytið, 10. júlí 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Knútur Hallsson.

SAMÞYKKT

fyrir ÁTAK STÁ

1. gr.

Félagið er atvinnu- og þjónustufyrirtæki sveitarfélaga með takmarkaðri ábyrgð. Nafn þess er Átak STÁ.

2. gr.

Lögheimili félagsins og varnarþing er Ísafjörður.

3. gr.

Tilgangur félagsins er gatnagerð og önnur skyld starfsemi.

4. gr.

Stofnfé félagsins er kr. 2 200 000.00. Stofnfé skiptist í 220 — tvö hundruð og tuttugu — 10 þús. kr. hluti.

5. gr.

Stofnfé félagsins er félagsstjórn heimilt að auka í allt að 5 000 000.00 og skal þá réttur hvers sveitarfélags til stofnfjárukningar ákvarðast í hlutfalli við íbúatölu á þeim tíma, sem stofnfjárukningin á sér stað.

6. gr.

Stofnbréf veita stofnanda full réttindi, þau, er lög félagsins mæla fyrir um. Stofnbréfin skulu vera tölusett með áframhaldandi númerum. Öll stofnbréfin skulu vera nafnskráð, og er félagsstjórninni skylt að halda jafnan nákvæma stofnbréfaskrá.

7. gr.

Framsal og veðsetning stofnbréfa er óheimil, nema til komi samþykki félagsstjórnar. Félaginu sjálfu er óheimilt að kaupa stofnbréf í félaginu.

8. gr.

Glatist stofnbréf skal fá ógildingardóm á því. Þegar eftirrit þess dóms er komið félagsstjórninni í hendur, gefur hún út nýtt stofnbréf í stað hins glataða.

Stofnbréfum, sem skemmt hafa, má skipta fyrir ný, ef ekki verður villt á um tölu þeirra og efni, enda skili eigandi þá jafnframt hinu skemmda bréfi og greiði kostnað við skiptin, eftir því, sem félagsstjórn ákveður.

9. gr.

Félaginu er óheimilt að veita lán út á stofnbréf.

10. gr.

Hver stofnandi er skyldur til, án nokkurrar sérstakrar skuldbindingar af hans hálfu, að hlíta lögum félagsins, þeim, sem nú eru sett, eða eins og þeim síðar kann að verða breytt á löglegan hátt. Stofnendur bera enga ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir stofnfjáreign sína í því.

Á ákvæðum þessarar greinar getur engin breyting orðið, nema með samþykki allra stofnenda.

11. gr.

Innan þeirra takmarka, er lög þessi setja, hafa lögmætir félagsfundir æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum.

12. gr.

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok maí mánaðar ár hvert, á þeim stað, sem félagsstjórn ákveður hverju sinni. Aukafundi skal halda þegar stjórn félagsins þykir þörf vera á samkvæmt fundarályktun eða, ef svo margir stofnendur, sem umráð hafa yfir að minnsta kosti $\frac{1}{3}$ hluta stofnfjársins, krefjast þess skriflega og tilgreina ástæðu fyrir nauðsyn aukafundar. Þá, er lögmæt krafa er fram komin, skal halda fund eigi síðar en 15 dögum eftir að krafan kom stjórninni í hendur.

Nú hefur stjórnin ekki sent fundarboð innan 15 daga frá móttöku kröfunnar, og geta þá stofnendur sjálfir boðað fundinn.

13. gr.

Til félagsfundar skal stjórnin boða með tilkynningu til hvers stofnanda í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan sannanlegan hátt og skal fundur boðaður með 20 daga fyrirvara að minnsta kosti, þegar um aðalfund er að ræða, en aukafund má boða með skemmri fyrirvara, ef stjórn félagsins þykir nauðsyn krefja. Fundarmála skal stuttlega getið í fundarboðinu.

Félagsfundur er lögmætur, ef viðstaddir eru svo margir fulltrúar stofnenda eða umboðsmenn þeirra, er umráð hafi yfir meiri hluta stofnfjárins, enda hafi fundurinn verið löglega boðaður.

14. gr.

Félagsfundum stjórnar fundarstjóri, sem fundurinn kýs, og kveður hann sér fundarritara. Fundarstjóri stjórnar umræðum og meðferð mála á fundum og atkvæðagreiðslum. Atkvæðagreiðslur skulu vera skriflegar, ef einhver fundarmanna krefst þess.

15. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skýrir frá hag þess og framkvæmdum á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar hins umliðna árs með athugasemdum endurskoð- enda lagðir fram til úrskurðar.
3. Tekin ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs.
4. Stjórn og varastjórn félagsins kosin.
5. Kosnir tveir endurskoðendur fyrir yfirstandandi ár, og tveir til vara.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

16. gr.

Á aukafundum verður aðeins tekin ákvörðun um mál, er nefnd hafa verið í fundarboði.

17. gr.

Stofnendur hafa eitt atkvæði fyrir hvert stofnbréf, sem þeir eiga í félaginu. Þó getur enginn stofnandi farið með meira en $\frac{1}{4}$ hlut allra atkvæða í félaginu.

18. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum á félagsfundum, nema öðruvísi sé fyrir mælt í samþykktum þessum og lögum. Samþykki allra stofnenda þarf til þess:

- a) að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti.
- b) að skylda stofnendur til að leggja fram fé eða annað í félagsþarfir umfram skuldbindingar sínar.

19. gr.

Í sérstaka gjörðabók skal rita allar fundarsamþykktir og stutta skýrslu um annað, er gerist á félagsfundum. Fundargerðirnar skulu lesnar upp í fundarlok og bornar undir atkvæði fundarmanna og undirskrifa þær fundarstjóri og fundarritari. Þessi fundarskýrsla skal vera sönnun þess, er fram hefur farið á fundinum.

20. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 5 fulltrúum stofnenda og fimm til vara enda full-nægi þeir þeim skilyrðum, sem sett eru í 32. gr. laga nr. 77 frá 1921 um hlutafélög. Skulu þeir kosnir á aðalfundi ár hvert og kjörtímabil þeirra vera til næsta aðal-fundar. Fyrir tímabilið frá stofnun félagsins til næsta aðalfundar, skal stjórnin kosin af stofnfundi.

Félagsstjórn ræður öllum félagsmálum milli funda og hefur á hendi allar fram-kvæmdir fyrir félagið, er heyra til rekstri þess, og gætir réttar félagsins gagnvart öðrum. Stjórnin hefur heimild til að taka lán fyrir félagið eftir því, sem hún telur nauðsynlegt, og getur skuldbundið félagið og eignir þess, þar á meðal veðsett þær, með ályktunum sínum og samningum. Undirskrift 3ja stjórnarmanna er skuldbind-andi fyrir félagið.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum og eru stjórnarfundir lögmætir, en 3 stjórnarmenn eru mættir. Stjórnin skal bóka stutta skýrslu um það, er fram fer á fundum hennar, og staðfestist hún með undirskrift mættra stjórnarmanna.

21. gr.

Stjórnin kýs sér formann, varaformann og ritara og skiptir að öðru leyti með sér störfum eftir því, sem henni þykir henta. Stjórnin heldur fundi þegar formanni þykir henta, en auk þess er formanni skylt að boða til fundar, þegar tveir stjórnarmanna eða endurskoðendur félagsins krefjast þess.

22. gr.

Stjórn félagsins hefur heimild til að ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið og veita honum prókúruumboð. Félagsstjórnin hefur heimild til að víkja honum frá störfum.

23. gr.

Starfsár félagsins og reikningsár er almanaksárið. Stjórn félagsins semur á hverju ári reikning yfir tekjur og gjöld, svo og efnahagsreikning.

24. gr.

Endurskoðendur eru kosnir á aðalfundi fyrir eitt ár í senn. Þeir skulu rannsaka reikninga félagsins fyrir það ár og alla reikningsfærslu, svo og gerðir stjórnarinnar eftir því, sem þeim finnst ástæða til. Endurskoðendur hafa hvenær sem er aðgang að bókum félagsins til eftirlits. Endurskoðendur má ekki kjósa úr stjórn félagsins.

25. gr.

Í síðasta lagi mánuði fyrir aðalfund skal stjórn félagsins hafa lokið samningi reiknings fyrir liðið starfsár og sent hann endurskoðendum, en þeir skulu aftur hafa endursent hann til formanns með athugasemdum sínum svo tímanlega, að hann geti sent hann stofnendum til sýnis með a. m. k. 10 daga fyrirvara.

26. gr.

Stjórn félagsins skal leggja fyrir aðalfund tillögur um ráðstöfun tekjuafgangs, og tekur fundurinn svo fullnaðarákvörðun um, hvernig honum skuli varið. Jafnframt ákveður fundurinn hver ómakslaun stjórnendur og endurskoðendur skuli hafa fyrir starfa sinn á liðnu ári, svo og laun framkvæmdastjóra séu þau ekki ákveðin í ráðningarsamningi hans.

27. gr.

Lögum félagsins má breyta á félagsfundi, sem boðaður hefur verið með löglegum fyrirvara og þar sem staddir eru fulltrúar stofnenda, er umráð hafa yfir a. m. k. $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða, og sé lagabreytingin samþykkt með a. m. k. $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða. Vætanlegra breytinga skal getið í fundarboði.

Hafi eigi verið á fundinum fulltrúar svo margra stofnenda, sem tilskilið er, en lagabreytingin verið samþykkt með $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða mættra fulltrúa, skal halda fund aftur innan mánaðar. Skal til hans boðað á venjulegan hátt og það tekið fram, að til fundarins sé boðað af því, að eigi hafi verið nógu margir á hinum fyrri Séu á þeim fundi greiddir $\frac{2}{3}$ hlutar atkvæða með lagabreytingunni, öðlast hún lagagildi án tillits til hve margir sóttu fundinn.

28. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta félaginu, og fer þá um tilhögun þar að lútandi sem um lagabreytingar. Fundur sá, sem samþykkir á lögmætan hátt að slíta félaginu kveður og á um, hvernig skuli ráðstafa eignum þess og um greiðslu skulda.

Fundurinn kveður á um, hvort skiptaréttur skuli taka búið til meðferðar eða hvort kjósa skuli skilanefnd til að sjá um skiptin. Slík skilanefnd má þó eigi taka til starfa, fyrr en eftir að hún hefur fengið staðfestingu ráðherra.

Samþykktir þessar staðfestast hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 24 20. maí 1972, um heimild sveitarfélaga til stofnunar og starfrækslu atvinnu- og þjónustufyrirtækja með takmarkaðri ábyrgð.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Ísafjarðar nr. 217 8. ágúst 1972.

1. gr.

Aftan við 10. gr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er bæjarstjórn að hækka eða lækka um allt að 50% framantalin gjöld, öll þeirra eða hvert um sig, án þess að leita þurfi staðfestingar ráðuneytisins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni hverjum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 17. júlí 1973.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um sjóðstofnun skv. 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972.

1. gr.

Þóknun fyrir afnot markaðshljóðrita skv. 1. mgr. 47. gr. höfundalaga nr. 73 frá 29. maí 1972 skal að frádregnum kostnaði renna í sérstakan sjóð, sem starfi í tveim deildum, annarri fyrir listflytjendur og hinni fyrir framleiðendur hljóðrita.

2. gr.

Um stjórn sjóðsins, vörzlu og úthlutanir úr deildum hans fer eftir því, sem mælt verður fyrir um það efni í samþykktum sameiginlegra félagssamtaka flytj-